



Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. október 2018

R2018100002/12.8.4

Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga - 77. mál, þskj. 77

Ríkisskattstjóri hefur þann 27. september 2018 mótttekið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Ríkisskattstjóri vill taka eftirfarandi fram vegna 2. gr. frumvarpsins:

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 (áður framfærslulög nr. 80/1947) skylda skattyfirvöld til að veita félagsmálanefndum upplýsingar um tekjur og eignir þeirra sem leita sér fjárhagsaðstoðar eða hafa fengið hana. Núgildandi lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971 veita henni sama rétt til að krefja skattyfirvöld upplýsinga um tekjur og eignir meðlagsskyldra foreldra og félagsmálanefndir hafa samkvæmt lögum nr. 40/1991. Hið breytta orðalag 9. mgr. 5. gr. laga nr. 54/1971, sem lagt er til með frumvarpinu, veitir Innheimtustofnun víðtækari heimildir til upplýsingaöflunar hjá skattyfirvöldum heldur en ríkisskattstjóri telur efni standa til. Þannig einskorðast upplýsingarskylda skattyfirvalda samkvæmt frumvarpinu ekki aðeins við tekjur og eignir foreldra vegna endurgreiðslu meðlagsskuldar viðkomandi við Innheimtustofnun, heldur verður hið breytta orðalag ekki skilið á aðra leið en svo að skattyfirvöld skuli veita Innheimtustofnun hverjar þær upplýsingar sem að mati Innheimtustofnunar teljast nauðsynlegar til að framfylgja lögum nr. 54/1971.

Skv. 3. gr. laga nr. 54/1971 getur Innheimtustofnun haft með höndum annars konar innheimtustarfa en einvörðungu innheimtu meðlagsskulda, og þá jafnvel gegn greiðslu, sbr. t.d. 2. mgr. 3. gr. þar sem vísað er til innheimtuverkefna fyrir einstök sveitarfélög, og framfærslulífeyris hjóna, sbr. og 3. mgr. sömu greinar. Ekki er útilokað að frekari innheimtuaðgerðir yrðu færðar undir verksvið Innheimtustofnunar í framtíðinni. Með fyrirhugaðri breytingu á 9. mgr. 5. gr. gæti svo farið að ríkisskattstjóra yrði gert að veita Innheimtustofnun sveitarfélaga fjárhagsupplýsingar einstakra aðila vegna aðgerða sem ekki samrýmast því markmiði sem upphaflega bjó að baki greindu ákvæði, þ.e. innheimtu meðlagsskulda foreldra.

Ríkisskattstjóri bendir á að gögn þau sem embættinu eru afhent í þeim tilgangi að tryggja rétta álagningu skatta og opinberra gjalda eru bundin ríkri þagnarskyldu, sbr. m.a. 117. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, þar sem segir eftirfarandi:


„Ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra ríkisins og yfirskattanefnd er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efnahag skattaðila. Hið sama gildir um þá er veita þessum aðilum aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um skattframtöl. Þagnarskyldan helst þótt menn þessir láti af störfum.“

Hina víðtæku heimild sem Innheimtustofnun sveitarfélaga yrði veitt með 2. gr. umrædds frumvarps til þess að krefjast upplýsinga frá skattyfirvöldum í því skyni að ná fram hverjum þeim markmiðum sem lög nr. 54/1971 kunna að hafa að mati Innheimtustofnunar telur ríkisskattstjóri full rúma og afar óheppilega, og auk þess ekki í samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.


Jafnframt eru með frumvarpinu lagðar þær kvaðir á ríkisskattstjóra að veita Innheimtustofnun upplýsingar á rafrænu formi án þess að séð verði að greiðslur skuli koma á móti fyrir þeim kostnaði sem af því hlýst.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki efni til að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra



Ingvar J Rögnvaldsson



Helga Valborg Steinarsdóttir